

Stofnanasamningur
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
og
SFR stéttarfélags í almannajónustu

1 Gildissvið

Samningur þessi tekur til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

2 Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

3 Starfaflokkar og röðun

3.1. Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HP eða annars starfsskipulags við gerð samningsins.

Við röðun starfs í launaflokka skal litið til eftirfarandi þátta:

- Kröfur um tiltekna lágmarks menntun sem þarf til að gegna starfi.
- Staða starfs í skipuriti.
- Starfslýsingar þar sem verksvið og ábyrgð sem fylgja starfi koma fram.

Með stofnanasamningi þessum er **fylgiskjal I** sem hefur að geyma röðun núverandi starfa í launaflokka

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi deildum/starfsstöðvum hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3.2 Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi og hefur öðlast starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður með níu ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef talið er að hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá Heilbrigðisstofnuninni að hluta eða öllu leyti.

3.2 Starfsnám/Símenntun

a) Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til við grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð eða 5 einingum, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð eða 10 einingum, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð eða 20 einingum, hækka um 1 launaflokk

Ein eining er 12 kennslustundir eða 1 vika samfelld. Einingis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast ½ eining hið minnsta (6 klukkustundir).

Heimilt er að hækka þann sem hefur lokið formlegu námi sem nýtist í starfi, með eftirfarandi hætti:

* Um 1 launaflokk hafi hann lokið skipulögðu eins til tveggja ára námi.

* Um 1 launaflokk hafi hann lokið skipulögðu þriggja ára eða lengra námi.

3.3 Annað

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindra forsendna, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun:

- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni í starfi,

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð, flókin verkefni eða er umfangsmikið.
 - starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.
 - starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna,
 - starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu,
 - starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi,
 - starfsmaður sinni störfum á fleiri en einu verkswiði stofnunar
- b) Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem forsendur til hækkunar í launaflokkum.

Óski starfsmaður eftir hækkun vegna ákvæða kafla 3 skal gera það skriflega og leggja fram gögn sem styðja umsóknina.

4 Endurskoðun

Endurskoðun á stofnanasamningi skal vera samkvæmt grein 11.4 í kjarasamningi SFR – stéttarfélags í almannþjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

5 Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings milli SFR fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 9. mars 2005, sbr. gr. 11.1.1 í þeim samningi. Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Þórshöfn, 14. desember 2006.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga

f.h. SFR – stéttarfélags í almannþjónustu

Fylgiskjal I

Röðun starfa á launaflokka

Starfaflokkur	Lfl.
Ritari	10
Læknaritari	11
Læknafulltrúi	12
Deildarstjóri ritara	14
Rekstrarstjóri	20

VIÐAUKI
VIÐ STOFNANASAMNING milli HEILBRIGÐISSTOFNUN
ÞINGEYINGA OG SFR STÉTTARFÉLAGS

1. gr.

Í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, annars vegar og SFR - stéttarfélags hins vegar frá 9. mars 2005, var kveðið á um gerð stofnanasamninga innan sérhverrar stofnunar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

Af ákvæði gr.1.1.8 í kjarasamningi aðila leiðir að samstarfefnd er falið að semja um styrkingu/þróun launakerfis um 2% hækkun til félagsmanna SFR og af bókun 2 í sama kjarasamningi leiðir enn fremur hækkun um 1,2% af launakostnaði, hvoru tveggja frá 1. maí 2007 að telja. Með gerð þessa viðauka eru aðilar sammála um útfærslu launahækkana samkvæmt framangreindu.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að grunnröðun allra starfaflokka skv. fylgiskjal 1, hækkar um einn launaflokk frá 1. maí 2007.

Starfaflokkur	Lfl.
Ritari	11
Læknaritari	12
Læknafulltrúi	13
Deildarstjóri ritara	15
Rekstrarstjóri	21

Reykjavík, 22. júní 2007

F.h. SFR stéttarfélags

F.h. Heilbrigðisstofnun
Þingeyinga